

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytandalán, nr. 33/2013, með síðari breytingum (efling neytendaverndar o.fl.).

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um breytingu á lögum um neytandalán, nr. 33/2013, með síðari breytingum (efling neytendaverndar o.fl.), tók breytingum til batnaðar í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar. Minni hluti nefndarinnar telur að breytingartillögur meiri hlutans séu til mikilla bóta og með þeim náist mun betur en ella markmið frumvarpsins um að auka neytendavernd.

Innheimta smálána.

Smálánafyrirtæki hafa verið gagnrýnd allt frá því að þau byrjuðu að hasla sér völl hér á landi 2010, einkum vegna kostnaðar við lántöku og ágengrar markaðssetningar lánanna sem beinist að ungu fólk og fólk sem stendur veikt fyrir.

Neytendasamtökini hafa bent á að mikill skortur sé á neytendavernd og aðstoð við lánþega ólöglegra smálána við að leita réttar síns. Fyrir liggi að stór hópur fólks hafi orðið fyrir fjárhagsskaða vegna ófullnægjandi úrræða, skorts á eftirliti og seinagangs í kerfinu. Neytendasamtökini lýsa yfir þungum áhyggjum af stöðu brotaþola smálánafyrirtækja. Vegna eðlis málanna telja samtökini brýnt að stjórnvöld bregðist hratt við til að vernda hagsmuni þeirra sem brotið hefur verið á og aðstoði við að endurheimta fé sem haft hefur verið af fólk með ólögmætum hætti. Minni hlutinn tekur undir þessar áhyggjur og áskorun til stjórnvalda um skjót viðbrögð.

Líkt og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans snýr hluti þess vanda sem við er að etja að innheimtuþættinum. Minni hlutinn tekur undir það álit meiri hlutans að afar brýnt sé að skýra betur reglur um löginnheimtu og eftirlit með starfseminni, að þeirri vinnu verði hraðað sem kostur er og að frumvarp um bættan lagagrundvöll innheimtumála verði lagt fram á vorþingi.

Leyfisskylda.

Hér á landi eru smálánafyrirtækin hvorki leyfisskyld né skráningarskyld. Öll önnur norræn ríki hafa horfið frá skráningarskyldu og tekið upp leyfisskyldu. Þannig fer fram leyfissvipting ef fyrirtækin brjóta ítrekað lög og reglur sem um þau eru sett. Minni hlutinn leggur til þá breytingu að einnig verði tekin upp leyfisskylda fyrir smálánafyrirtækin hér á landi og litið til reynslu annarra norrænna ríkja hvað það varðar. Skráningarskylda sú sem meiri hlutinn leggur til í breytingartillögu er til bóta en þar sem reynsla annarra norrænna ríkja er á þann veg að hún nægi ekki og að leyfisskylda skili betri árangri vill minni hlutinn fara eftir því. Minni hlutinn tekur undir það sjónarmið að lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eigi að gilda um starfsemi smálánafyrirtækja.

Árleg hlutfallstala kostnaðar.

Samkvæmt 26. gr. laga um neytendalán má árleg hlutfallstala kostnaðar (ÁHK) á neytendalánum ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum. Minni hlutinn telur að um okurvexti sé að ræða og að nauðsynlegt sé að lækka kostnaðarviðmiðið. Meiri hlutinn leggur til að hámark ÁHK lækki í 35% sem er sannarlega til bóta en minni hlutinn telur ekki nóg að gert með þeirri tillögu. Því leggur minni hlutinn fram breytingartillögu um að ÁHK á neytendalánum megi ekki vera meira en 20% að viðbættum stýrivöxtum. Sú tala er ekki úr lausu lofti gripin heldur er litið til fyrirmynadar frá Finnlandi um hámark ÁHK neytendalána þar í landi.

Auðkenningarkrafa.

Meiri hlutinn leggur fram breytingartillögu um að sett verði skilyrði um auðkenningu til að lánssamningur teljist skuldbindandi, annaðhvort með eiginhandarundirskrift eða fullgildri rafrænni undirskrift í skilningi laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019, sé lánssamningur gerður í fjarsölu. Minni hlutinn styður þessa breytingartillögu.

Að framansögðu virtu leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstóku þingskjali.

Alþingi, 13. desember 2019.

Oddný G. Harðardóttir,
frsm.

Þorsteinn Víglundsson.

Smári McCarthy.